

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Breytingar á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn verður svohljóðandi:

Tollfrjálsar vörur.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirfarandi vörur vera tollfrjálsar:

1. Eftirtaldar vörur um borð í förum sem koma hingað til lands frá útlöndum:
 - a. Fylgifé fars sem er að mati tollyfirvalda ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgiféð ekki flutt úr viðkomandi fari.
 - b. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
 - c. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.
2. Varningur sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum sem hér segir:
 - a. Venjulegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða. Jafnframt venjulegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin nota þeirra á ferðalaginu að ræða.
 - b. Varningur, þ.m.t. áfengi og tóbak, sem ferðamenn og farmenn hafa með sér hingað til lands umfram það sem greinir í a-lið, að tilteknu hámarki sem ráðherra ákveður í reglugerð.
3. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
4. Heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann flutti til landsins. Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Ráðherra getur með reglugerð takmarkað niðurfellingu samkvæmt þessum lið við notkun, vöruflokka eða hámarksverð að teknu tilliti til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.
5. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaun fyrir íþrótaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.

6. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati toll-yfirvalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
7. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati toll-yfirvalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan.
8. Gjafir sem sendar eru hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:
 - a. Gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 7.000 kr. Sé verðmæti gjafar meira en 7.000 kr. skal gjöf þó einungis tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti.
 - b. Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddir.
 - c. Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki.
9. Vísindatæki og vísindabúnaður sem íslenskar vísindastofnanir eða vísindastofnanir sem Ísland er aðili að kaupa fyrir styrki eða eiga kost á endurgjaldslaus frá erlendum aðilum.
10. Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki.
11. Sendingar vegna markaðssetningar og vöruþróunar sem hér segir:
 - a. Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt. Jafnframt sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara.
 - b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.
 - c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt þessari grein.

2. gr.

6. gr. laganna ásamt fyrirsögn verður svohljóðandi:

Niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla tolls.

Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í friverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.
2. Vegna tímabundins innflutnings í eftirfarandi tilvikum:
 - a. Af vörum sem sendar eru til landsins til sýningar eða flutnings um stundarsakir, enda verði þær ekki nýttar til annars. Jafnframt af vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem eru send til landsins til reynslu um stuttan tíma.
 - b. Af tækjum, verkfærum og öðrum búnaði sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.

- c. Af vörum sem eru sendar tímabundið hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
- d. Af vörum sem fluttar eru tímabundið hingað til lands til að fram geti farið á þeim nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um þann hámarkstíma sem tollfrjáls innflutningur samkvæmt þessum tölulið tekur til, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Ráðherra getur jafnframt í reglugerð afmarkað nánar þær vörur sem ákvæðið tekur til.

- 3. Af bifreiðum og tengivögnum sem skráðir eru erlendis og fluttir til landsins af mönnum sem hafa haft búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Undanþága þessi gildir í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins.

Tollstjóri getur framlengt tímabundinn innflutning skv. 1. mgr. þessa töluliðar um allt að þrjú mánuði í senn, í allt að tólf mánuði alls, enda sýni viðkomandi fram á að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki, að hann hafi ekki búsetu hér á landi og að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Uppfylli innflytjandi ekki skilyrði 2. mgr. þessa töluliðar, þess efnis að hann hafi ekki launaða atvinnu og reki ekki fyrirtæki hér á landi, getur tollstjóri þó eigi að síður framlengt tímabilið í samræmi við ákvæði 2. mgr. gegn greiðslu tolls af sem nemur $\frac{1}{60}$ hluta af tollverði viðkomandi ökutækis fyrir hvern byrjaðan mánuð sem leyfi er framlengt. Tollstjóri getur heimilað greiðslu gjalda með skuldaviðurkenningu og fullnægjandi ábyrgð.

Ákvæði þessa töluliðar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem erlendir ferðamannahópar, ferðaskrifstofur eða aðrir sem atvinnu hafa af slíkum fólksflutningum flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið, enda verði þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar óskráðar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og uppfylla frekari skilyrði sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu tolls samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis.

Þegar leyfi er veitt til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis samkvæmt þessum tölulið skal heimilt að flytja eldsneyti með ökutæki í innbyggðum eldsneytisgeymum þess án greiðslu aðflutningsgjalda. Jafnframt skal eiganda eða umráðamanni heimilt, ef ökutæki bílar eða verður fyrir tjóni, að flytja inn varahluti í ökutækið tollfrjálst.

- 4. Af stærri tækjum, þ.m.t. ökutækjum sem send eru hingað til lands til notkunar um stuttan tíma, þó ekki lengur en í 12 mánuði, og endursend eru þegar að notkun lokinni. Tollur skal í slíkum tilvikum reiknaður af leiguverði fyrir tækin í stað hefðbundins tollverðs. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir má reikna toll af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem $\frac{1}{60}$ hluti eðlilegs tollverðs fyrir hvern byrjaðan mánuð sem tækið er hér á landi.
- 5. Af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðar seldar ónotaðar til útlanda eða í tollfrjálsa verslun.
- 6. Af vörum sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda, í viðurkenndum geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi milli tollhafna innan lands, áður en þær eru afhentar viðtakanda.

7. Af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvélum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.
8. Af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar. Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru samkvæmt þessum tölulið nær hvorki til vara sem tilgreindar eru í viðauka IIIA, IIIB, IVA eða IVB við lög þessi né vara sem flokkast í vörulið 1517 eða í tollskrárnúmer 2106.9059 í viðauka I við lög þessi.
9. Af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notuð eru til vinnslu á innlendum framleiðsluvörum.
10. Aftækjabúnaði og miðlum sem kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver nýta til starfsemi sinnar.
11. Af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita.
12. Af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. A í lögnum:

- a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skal vera 0, 25, 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim tolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.
- b. 4. mgr. fellur brott.

4. gr.

Við 46. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Tollgæslumönnum er heimilt að nota handjárn og gasvopn við beitingu valds samkvæmt þessari grein. Ríkistollstjóri skal að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra setja reglur um hvaða tollgæslumönnum verði heimilað að bera og beita slíkum búnaði, notkun hans og þjálfun tollgæslumanna.

5. gr.

Á eftir orðunum „sbr. 101. gr.“ í 3. mgr. 100. gr. laganna kemur: eða ríkistollstjóra, sbr. 102. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „úrskurði tollstjóra skv. 100. gr.“ í 1. mgr. kemur: þó ekki úrskurði sem kæránlegur er til ríkistollstjóra skv. 102. gr.

- b. Á eftir orðunum „úrskurð tollstjóra skv. 100. gr.“ í 2. mgr. kemur: þó ekki úrskurð sem kæránlegur er skv. 102. gr.

- c. 11. mgr. orðast svo:

Nefndin skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur samkvæmt ákvæðum annarra laga, nema úrskurður tollstjóra sæti kæru til ríkistollstjóra, sbr. 102. gr. Gilda ákvæði þessarar greinar um slíkar kærur eftir því sem við getur átt.

7. gr.

102. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Kærur til ríkistollstjóra.

Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., er varðar tollfrelsi vara skv. 3. og 5. gr., eða lækkun, niðurfellingu og endurgreiðslu tolls skv. 2.–12. tölul. 6. gr., til ríkistollstjóra innan 60 daga frá póstlagningu úrskurðar.

Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Ríkistollstjóri skal úrskurða um kæru innan 30 daga frá því er hún barst honum. Úrskurður ríkistollstjóra er fullnaðarúrskurður á stjórnáskilningi.

Ríkistollstjóri skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur eftir ákvæðum annarra laga ef ágreiningur varðar lækkun eða niðurfellingu gjalds á grundvelli 3. gr., 5. gr. eða 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga þessara eða ef sérstaklega er tekið fram í viðkomandi lögum að ákvörðun sú sem ágreiningur er um sæti kæru til ríkistollstjóra.

8. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Samþykki Tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána, úrskurði eða gefi út túlkun um tollflokkun eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá er ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Ráðherra er jafnframt heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer ef þess gerist þörf, t.d. til að afla megi nauðsynlegra upplýsinga vegna hagskýrslugerðar.

Breytingar á tollskrá skv. 1. mgr. skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda og hafa ekki afturvirk gildi. Breytingarnar skulu ekki hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og þess háttar sem kveðið er á um í öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt að sameina í eitt tollskrárnúmer vörur sem koma til landsins með póstsendingum í einu komunúmeri og eru að tollverðmæti 25.000 kr. eða minna. Slík breyting skal þó ekki hafa áhrif á fjárhæð tolls af viðkomandi vörum.

9. gr.

Við 147. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Fjármálaráðherra skal hrinda í framkvæmd ákvæðum í friverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, svo og bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra.

II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

10. gr.

Við 2. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þó sætir úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða lækkun gjalda, á grundvelli 3. gr., 5. gr. eða 6. gr. tollalaga, kæru til ríkistollstjóra í samræmi við ákvæði 102. gr. tollalaga.

11. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 3. gr., 5. gr. og 1.–7. og 9.–12. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu ná til vörugjalds samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

12. gr.

2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Við innflutning og sölu á áfengi til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna. Jafnframt af áfengi sem áfengisgjald hefur verið reiknað eða greitt af en er síðar sent til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollvörugeymslu, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði eða er fargað undir eftirliti tollyfirvalda.
- b. 2. mgr. fellur brott.

14. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengisgjalds skv. 6. gr. sætir kæru til ríkistollstjóra í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Þá skulu ákvæði tollalaga gilda að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald af innfluttu áfengi.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl., með síðari breytingum.

16. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Við 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður sem orðast svo: Bifreiðar og vél-sleðar sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita enda liggi fyrir staðfesting landsamtaka

björgunarsveita á að viðkomandi bifreið eða vélsleði verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.

18. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 3. gr., 6. tölul. 5. gr. og 1.–6. og 11. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu ná til vörugjalds af ökutækjum samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

19. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Eftirfarandi vörur skulu undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning:

1. Vörur sem eru tollfrjálsar eða undanþegnar tolli skv. 3. gr., 5. gr. og 2.–6. og 11. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.
 2. Vörur sem undanþegnar eru virðisaukaskatti samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.
 3. Vörur sem undanþegnar eru skattskyldri veltu, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 12. gr.
 4. Listaverk sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000 og listamaðurinn sjálfur flytur inn.
 5. Ritað mál sem sent er til vísindastofnana, bókasafna og annarra opinberra stofnana án endurgjalds án tillits til í hvaða formi efnið er, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni.
 6. Vörur, þó ekki áfengi eða tóbak, sem fluttar eru til landsins af aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr., ef fob-verð sendingar nemur ekki hærrí fjárhæð en 1.500 kr.
 7. Bifreiðar og vélsleðar sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi bifreið eða vélsleði verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.
- Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. sætir kæru til ríkistollstjóra í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

20. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurgreiða skal virðisaukaskatt af rannsóknartækjum sem óskattskyldir aðilar kaupa fyrir styrkfé eða fá að gjöf.

VI. KAFLI

Gildistaka.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000 og taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa laga er kveða á um álagningu gjalda á vörur sem fluttar eru hingað til lands eða eru framleiddar hér á landi. Nánar tiltekið er hér um að ræða breytingar á ákvæðum tollalaga, laga um vörugjald, laga um gjald af áfengi, laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og laga um virðisaukaskatt. Með breytingum þeim sem lagðar eru til er stefnt að því að kveðið verði skýrar en nú er á um það í hvaða tilvikum gjöld þau, sem lögð eru á með fyrrgreindum lögum, skuli felld niður eða lækkuð.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá er í 77. gr. stjórnarskrárinnar kveðið á um að skattamálum skuli skipa með lögum. Með 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, var málslið bætt við 77. gr. þar sem tekið er fram að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Talið hefur verið að með þessari breytingu hafi heimildir löggjafans til að framselja til framkvæmdarvaldsins ákvörðunarvald um álagningu, breytingu eða niðurfellingu skatta verið þrengdar frá því sem áður var. Af þessum sökum þykir rétt að leggja til breytingar sem miða að því að niðurfelling ýmissa gjalda sem lögð eru á vörur við innflutning þeirra til landsins eða framleiðslu þeirra hér á landi verði lögákveðin í stað þess að handhöfum framkvæmdarvalds sé framseld heimild til að ákveða hvort til lækkunar eða niðurfellingar skuli koma.

Í frumvarpinu er leitast við að setja skýrari lagaákvæði um lækkun og niðurfellingu ýmissa gjalda sem lögð eru á vörur við innflutning þeirra eða framleiðslu innan lands. Í flestum tilvikum er ekki um efnislegar breytingar að ræða frá núverandi framkvæmd. Þó eru lagðar til nokkrar efnisbreytingar á gildandi reglum um niðurfellingu gjalda. Gerð verður grein fyrir slíkum breytingum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Auk breytinga á ákvæðum tollalaga og annarra laga er varða niðurfellingu gjalda er lögð til breyting á málskotsreglum í þeim tilvikum er ágreiningur rís um niðurfellingu. Í 3. gr., 5. gr. og 6. gr. tollalaga er að finna helstu ákvæði laganna um lækkun og niðurfellingu tolla af vörum í tilteknum tilvikum. Þessar niðurfellingarheimildir ná í mörgum tilvikum jafnframt til vörugjalda og virðisaukaskatts. Samkvæmt gildandi lögum verður úrskurðum tollstjóra um lækkun eða niðurfellingu gjalda skv. 3. gr., 5. gr. og 6. gr. laganna skotið til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að í stað þess að úrskurðum tollstjóra um lækkun eða niðurfellingu gjalda verði skotið til ríkistollanefndar verði þeim skotið til ríkistollstjóra sem kveði upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi. Meginrökin fyrir þessari breytingu eru að telja verður að möguleiki innflytjenda til að kæra synjun tollstjóra á niðurfellingu tolls, og eftir atvikum annarra aðflutningsgjalda, verði virkari og málsmeðferð einfaldari við að unnt verði að kæra synjunina til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Hafa ber í huga að í flestum tilvikum eru fjárhæðir aðflutningsgjalda ekki háar.

Öðrum úrskurðum tollstjóra en þeim er varða fyrrgreind niðurfellingarákvæði yrði eftir sem áður skotið til ríkistollanefndar.

Auk fyrrgreindra tillagna er lagt til í frumvarpinu að tollgæslumönnum verði heimiluð notkun tiltekinna vopna við störf sín ef þörf krefur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. tollalaga er kveðið á um hvaða vörur skuli vera tollfrjálsar við innflutning. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram en að við ákvæðið bætist ýmsar heimildir sem samkvæmt gildandi lögum eru háðar ákvörðun fjármálaráðherra um niðurfellingu og falla af þeim sökum undir 6. gr. laganna. Jafnframt er lagt til að tekin verði upp í greinina nokkur niðurfellingar-ákvæði sem ekki er að finna í gildandi lögum.

Um 1. tölul.: Ekki er um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum, sbr. 1.–3. tölul. 5. gr. laganna.

Um 2. tölul.: Sú breyting er lögð til á orðalagi laganna að í stað þess að þau kveði á um heimild fjármálaráðherra til að fella niður toll af varningi sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins verði niðurfelling tolls lögbundin. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra ákvarði í reglugerð magn þess varnings sem ferðamenn og farmenn megi hafa tollfrjálst með sér til landsins.

Um 3.–7. tölul.: Ákvæðin eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 6.–10. tölul. 5. gr. laganna.

Um 8. tölul.: Hér er kveðið á um niðurfellingu tolls af gjöfum í tilteknum tilvikum.

Í a-lið er kveðið á um niðurfellingu tolls af gjöfum sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni. Hér er einkum um að ræða jóla- og afmælisgjafir, svo og aðrar sambærilegar tækifærisgjafir. Niðurfelling á tolli af slíkum sendingum hefur byggst á ákvæði 4. másl. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, en þar er ráðherra heimilað að fella niður toll af gjöfum sem eru sendar hingað af sérstöku tilefni. Sú regla sem lögð er til í frumvarpinu er sambærileg við núverandi framkvæmd við niðurfellingu aðflutningsgjalda af slíkum tækifærisgjöfum. Þó er lagt til að gjaldfrelismörk hækki umtalsvert, eða úr 33 SDR (um 3.300 kr.) í 7.000 kr. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að gjöf undir verðmætamörkunum sé tollfrjáls, en ef verðmæti hennar er meira verði hún tollfrjáls að því marki sem hún er undir verðmætamörkunum. Gera verður þá kröfu til móttakanda gjafar að hann sýni fram á að um gjöf af sérstöku tilefni sé að ræða.

Í b-lið er lagt til að gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi verði tollfrjálsar, enda sé um að ræða vörur sem nýttar verði beint til viðkomandi starfsemi. Um árábil hefur verið að finna heimild í fjárlögum fyrir fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi. Lagt er til að í stað þess að slík heimild sé sett í fjárlögum hverju sinni verði niðurfelling lögbundin. Lagt er til að heimildin verði í tollalögum og nái jafnframt til vörugjalds og virðisaukaskatts með tilvísun úr vörugjaldslögum og virðisaukaskattslögum til ákvæðisins.

Jafnframt er tekið fram í b-lið að gjafir sem sendar eru hingað til lands frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra skuli vera tollfrjálsar. Þetta ákvæði er samhljóða 3. másl. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að um lögbundna niðurfellingu verður að ræða.

Í c-lið er lagt til að tekið verði upp ákvæði þess efnis að gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki skuli vera tollfrjálsar. Gert er ráð fyrir því að ákvæðið nái jafnframt til vörugjalds og virðisaukaskatts með tilvísun úr þeim lögum. Enda þótt ákvæði sem þetta sé ekki að finna í gildandi lögum hefur tíðkast að fella gjöld niður af gjöfum af þessu tagi á grundvelli hinnar almennu heimildar sem ráðherra er veitt í 4. másl. 10. tölul.

1. mgr. 6. gr. laganna til að fella niður toll af vörum sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands af sérstöku tilefni.

Lagt er til að heimild 1. másl. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, til niðurfellingar á tolli og eftir atvikum öðrum aðflutningsgjöldum af venjulegum brúðargjöfum frá aðilum búsettum erlendis, falli brott. Brúðkaupsgjafir mundu þó teljast til gjafa sem gefnar eru af sérstöku tilefni og samkvæmt því njóta niðurfellingar eða lækkunar gjalda, sbr. umfjöllun um a-lið þessa töluliðar. Þá er lagt til að felld verði brott heimild til að fella niður toll af munum sem aðilar búsettir erlendis senda Norræna húsinu að gjöf, en niðurfelling gjalda af þess háttar gjöfum getur byggst á ákvæði um niðurfellingu tolls af gjöfum sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki.

Um 9. tölul.: Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 19. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling verði lögákveðin.

Um 10. tölul.: Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling verði lögbundin.

Um 11. tölul.: Í 11. tölul. er kveðið á um niðurfellingu tolla af ýmsum sendingum sem berast hingað til lands vegna markaðssetningar og vöruþróunar.

Í a-lið er kveðið á um að sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis skuli vera tollfrjáls. Ákvæðið er að mestu samhljóða 21. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling verði lögákveðin.

Í b-lið er kveðið á um tollfrelsi hugbúnaðargagna sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar. Hér er um að ræða heimild sem ekki er að finna í núgildandi lögum en ástæða þykir til að verði lögfest.

Í c-lið er lagt til að verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar verði tollfrjáls. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Mikið magn af hvers kyns verðlausum bæklingum og bréfum berst hingað til lands á ári hverju. Hér er að jafnaði um verðlausar eða því sem næst verðlausar vörur að ræða og þykir til hagræðingar að tekið sé fram í lögum um gjaldfrelsi slíkra sendinga.

Í 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt greininni. Nauðsynlegt er að útfæra niðurfellingarákvæði frekar í reglugerð þannig að ljóst sé hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að gjöld verði felld niður í einstökum tilvikum.

Um 2. gr.

Í 6. gr. tollalaga er að finna heimildir fyrir fjármálaráðherra til að lækka, fella niður eða endurgreiða tolla í tilteknum tilvikum. Lagt er til að í stað slíkrar heimildar fyrir ráðherra verði niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla lögákveðin og jafnframt sett um hana skilyrði í lögum eftir því sem nauðsyn krefur.

Afmörkun á tollfrelsisákvæði 5. gr. og niðurfellingar- og lækkunarákvæði 6. gr. samkvæmt frumvarpinu er nokkuð vandasöm. Við mat á því hvort niðurfelling skuli falla undir 5. gr. eða 6. gr. er fyrst og fremst lagt til grundvallar hvort undanþága frá gjaldskyldu sé háð einhverjum skilyrðum sem ekki liggja fyrir við innflutninginn. Ef svo er ekki flokkast niðurfelling undir 5. gr. Sé niðurfelling hins vegar háð skilyrðum, t.d. um nýtingu vöru, flokkast

hún undir 6. gr. Jafnframt heyrir heimild undir 6. gr. ef ekki er um að ræða fulla niðurfellingu tolla heldur eingöngu lækkun.

Um 1. tölul.: Kveðið er á um að tollur skuli lækka eða falla niður í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og millirikjasamningum sem Ísland er aðili að. Tekið er fram til skýringar að niðurfelling eða lækkun taki gildi frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Þetta ákvæði svarar til 1. másl. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að niðurfelling tolls verður lögbundin í stað þess að vera háð ákvörðun fjármálaráðherra.

Um 2. tölul.: Í 2. tölul. er fjallað um niðurfellingu tolls í ýmsum tilvikum ef um tímabundinn innflutning er að ræða.

Í a-lið er kveðið á um niðurfellingu tolls er vörur eru sendar tímabundið hingað til lands til sýningar eða flutnings. Ákvæðið er að mestu sambærilegt við 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, en þó er gert ráð fyrir að niðurfelling verði lögákveðin.

Ákvæði b–d-liða samsvara 5., 6. og 18. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að niðurfelling tolls er lögákveðin en ekki háð ákvörðun ráðherra.

Í 2. mgr. 2. tölul. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra ákveði hámarkstíma sem tímabundinn tollfrjáls innflutningur taki til hverju sinni, þó þannig að hann skuli aldrei vera til lengri tíma en tólf mánaða. Jafnframt geti ráðherra afmarkað þær vörur sem ákvæðið nái til.

Um 3. tölul.: Ákvæðið tekur til niðurfellingar og lækkunar tolls af ökutækjum sem aðilar búsettir erlendis, svo sem erlendir ferðamenn, hafa með sér hingað til lands til tímabundinna nota. Ákvæðið er efnislega að mestu sambærilegt við ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Þó er gert ráð fyrir að tollur verði, í þeim tilvikum er hann reiknast, ákvarðaður sem 1/60 hluti tollverðs. Þetta er í samræmi við gildandi framkvæmd. Þá er í síðustu málsgrein ákvæðisins að finna niðurfellingarákvæði vegna eldsneytis sem eru í tönkum ökutækis við komu til landsins, svo og varahluta sem flytja þarf til landsins ef ökutæki bílar. Þetta er lagt til í samræmi við núverandi framkvæmd.

Um 4. tölul.: Í ákvæðinu er fjallað um tímabundinn innflutning stærri tækja, þ.m.t. ökutækja, í atvinnuskyni hingað til lands. Í 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga er heimilað að tollur af slíkum tækjum reiknist af leigu eða áætlaðri leigu í stað venjulegs tollverðs og heimilað er að gjaldið reiknist sem fast gjald miðað við venjulegan afskriftartíma tækis.

Lagt er til að hámarkstími slíks innflutnings verði tólf mánuðir þannig að ef innflutningur er til lengri tíma reiknist gjöld af tækinu eins og ef um ótímabundinn innflutning væri að ræða. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að þau tæki sem ákvæðið tekur til bera almennt hvorki tolla né vörugjald. Því ber einungis að greiða af þeim virðisaukaskatt sem innflytjandi sem skráð hefur starfsemi sína hér á landi getur fengið frádreginn sem innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri sínu. Því hefur þýðing þessa ákvæðis minnkað stórlega frá því sem áður var.

Til einföldunar er lagt til að gjaldið verði ætíð hið sama, eða 1/60 hluti eðlilegs tollverðs fyrir hvern byrjaðan mánuð, í stað þess að ráðast af afskriftartíma hvers tækis um sig.

Um 5. tölul.: Í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga er ráðherra heimilað að fella niður eða endurgreiða toll af vöru sem endurseld er til útlanda. Lagt er til að slík niðurfelling verði lögbundin hvað varðar ónotaða vöru og jafnframt að sama gildi ef vara er seld í tollfrjálsa verslun.

Um 6. tölul.: Ákvæðið samsvarar efnislega 9. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling eða lækkun verði lögákveðin.

Um 7. tölul.: Ákvæðið samsvarar efnislega 16. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling eða lækkun verði lögákveðin.

Um 8. tölul.: Hér er að finna ákvæði um niðurfellingu tolls af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur.

Í 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga er að finna heimild til fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða tolla af hráefni, efnivörum og hlutum í erlendar framleiðsluvörur ef tollar á sams konar erlendri framleiðsluvöru eru jafnháir eða lægri en af efnivörunum. Lagt er til að í stað slíkrar ráðherraheimildar til niðurfellingar tolls verði lögbundin sú meginregla að tollur skuli falla niður af hráefni, efnivöru eða hlut í innlenda framleiðsluvöru, svo og af umbúðum fyrir slíka vöru. Samkvæmt þessu yrði það ekki lengur skilyrði niðurfellingar að tollur á sambærilegri erlendri framleiðsluvöru væri jafnhár eða lægri en tollur af hráefninu eða efnivörunni.

Tekið er fram að sé aðvinnsla sem á sér stað hér á landi óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, teljist framleiðsluvara ekki vera innlend og verður tollur samkvæmt því ekki felldur niður af hráefni, efnivöru eða hlutum í framleiðsluvöruna.

Lagt er til að tollur verði ekki felldur niður ef um er að ræða landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar á grundvelli innlendar landbúnaðarstefnu. Hér er fyrst og fremst um að ræða þær vörur sem lúta reglum um úthlutun tollkvóta, þ.e. vörur sem tilgreindar eru í viðaukum IIIA og B og IVA og B við tollalög. Þar er m.a. um að ræða kjötvörur, mjólkurafurðir, egg og grænmeti. Einnig er gert ráð fyrir að vörur í vörulið 1517 og tollskránum 2106.9059 í tollskrá njóti ekki niðurfellingar, en þar er um að ræða vörur sem telja má staðgönguvörur smjör, þ.e. smjörlíki og smjörva.

Rétt er að taka fram að í framkvæmd hefur tollur almennt ekki verið felldur niður af framangreindum landbúnaðarvörum þótt þær séu fluttar til landsins sem hráefni í innlenda framleiðslu. Með ákvæðinu er stefnt að því að skjóta skýrari stoðum undir þá framkvæmd.

Framkvæmd niðurfellingar af hráefni, efnivöru og hlutum í innlendar framleiðsluvörur hefur verið í höndum ríkistollstjóra. Verði frumvarpið að lögum mun framkvæmdin flytjast til einstakra tollstjóra en ákvörðun tollstjóra verður hins vegar skotið til ríkistollstjóra. Gera má ráð fyrir að útgefnar heimildir til niðurfellingar verði afturkallaðar og að sækja þurfi að nýju um niðurfellingu samkvæmt þessu ákvæði.

Um 9. tölul.: Kveðið er á um að tollur skuli falla niður af vélum, vélarhlutum og vara-hlutum sem notaðir eru til vinnslu á innlendum framleiðsluvörum. Í 2. másl. 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga er að finna heimild til ráðherra til slíkrar niðurfellingar.

Um 10. tölul.: Lagt er til að lögfest verði að tollur skuli falla niður af tækjabúnaði og miðlum sem kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver nýta til starfsemi sinnar. Slík niðurfelling hefur tíðkast um árabíl með vísan til ákvæðis 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, sbr. h- og i-liði hér að framan. Æskilegt þykir að renna tryggari lagastoð undir niðurfellinguna og er breyting þessi því lögð til.

Um 11. tölul.: Í þessum tölulið er kveðið á um að tollur skuli falla niður af björgunar-búnaði og björgunartækjum, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita. Í fjárlögum hvers árs um sig hefur verið að finna almenna heimild til fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita. Æskilegt þykir að niðurfelling verði ákvörðuð í tollalögum og nái jafnframt til vörugjalds og virðisaukaskatts með tilvísun í ákvæðið úr þeim lögum. Þá þykir ekki ástæða til að takmarka niðurfellingu við gjafir heldur nái hún einnig til vara sem sveitirnar flytja sjálfar inn.

Um 12. tölul.: Ákvæðið er efnislega samhljóða 22. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að niðurfelling verður lögbundin.

Í 2. mgr. segir að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls og að hann geti gert að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda verði lögð fram. Hér er því gert ráð fyrir að ráðherra útfæri nánar ákvæði greinarinnar um lækkun eða niðurfellingu.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 3. og 4. mgr. 6. gr. A tollalaga um tollkvóta í tollalögum verði sameinuð í eina málsgrein. Með breytingunni skapast möguleiki fyrir landbúnaðarráðherra til að úthluta tollkvótum fyrir vörur sem tilgreindar eru í viðauka IVA við tollalög á 0% eða 25% tolli, en slíka heimild mætti nýta til úthlutunar á tollkvóta fyrir landbúnaðarvörur sem fluttar eru inn sem hráefni í innlenda framleiðslu verði tilefni talið til.

Um 4. gr.

Undanfarin ár hafa afskipti tollgæslumanna af aðilum sem stunda ólöglegan innflutning fíkniefna aukist umtalsvert. Nauðsynlegt er talið að þeim tollgæslumönnum sem einkum fást við eftirlit með slíkum innflutningi verði heimilað að bera nauðsynlegan búnað til að geta gætt öryggis síns og annarra. Því er lagt til að tollgæslumönnum verði heimilað að bera og beita handjárnnum og gasvopnum við störf sín. Lagt er til að ríkistollstjóri setji nánari reglur um það hvaða tollgæslumönnum verði heimilt að nýta slíkan búnað, notkun hans og þjálfun tollgæslumanna. Reglur þessar skulu settar að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra. Við það skal miðað að að jafnaði verði einungis þeim tollgæslumönnum sem einkum sinna eftirliti með innflutningi fíkniefna veitt slík heimild.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á 100. gr. tollalaga til samræmis við þá breytingu að ákvörðunum tollstjóra varðandi niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu gjalda, sbr. 3. gr., 5. gr. og 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, verði skotið til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Um rök fyrir þeirri breytingu vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 101. gr. tollalaga sem fjallar um kærur til ríkistollanefndar, til samræmis við þá breytingu að tilteknum ákvörðunum tollstjóra verði skotið til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Um rök fyrir þeirri breytingu vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 7. gr.

Hér er að finna ákvæði um að úrskurðum tollstjóra varðandi tollfrelsi vara skv. 3. og 5. gr. tollalaga, svo og lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls skv. 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, verði skotið til ríkistollstjóra.

Ætla má að með þessari breytingu, þ.e. að úrskurðir tollstjóra varðandi niðurfellingu tolls og eftir atvikum annarra gjalda sæti kæru til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar, verði möguleiki innflytjanda til að kæra synjun tollstjóra á niðurfellingu gjalda virkari og málsmeðferð einfaldari. Að jafnaði er ekki um flókin ágreiningsmál að ræða og á að vera auðvelt fyrir tollyfirvöld og innflytjanda að staðreyna hvort réttur til niðurfellingar sé til staðar.

Gert er ráð fyrir að úrskurðir tollstjóra varðandi niðurfellingu eða lækkun tolla á grundvelli fríverslunarsamninga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr., sæti eftir sem áður kæru til ríkistollanefndar. Þar er um að ræða niðurfellingar eða lækkunarheimild sem er annars eðlis en aðrar niðurfellingarheimildir tollalaga. Niðurstaða ræðst m.a. af því hvort uppfyllt séu skilyrði um tiltekinn uppruna vöru. Eðlilegra þykir að mál af þessum toga sæti áfram kæru til ríkistollanefndar.

Í 3. mgr. er kveðið á um í hvaða tilvikum úrskurði tollstjóra varðandi önnur gjöld en toll verði skotið til ríkistollstjóra. Það er annars vegar í þeim tilvikum er ágreiningur varðar lækkun eða niðurfellingu tolls á grundvelli 3. gr., 5. gr. eða 2.–12. tölul. 6. gr., þ.e. í þeim tilvikum þegar ákvörðun yrði skotið til ríkistollstjóra ef um álagningu tolls væri að ræða. Hins vegar verður ákvörðunum skotið til ríkistollstjóra ef sérstaklega er kveðið á um það í viðkomandi lögum að ákvörðun sú sem ágreiningur er um sæti kæru til ríkistollstjóra. Þar gæti verið um að ræða niðurfellingarákvæði sem eru eðlislík niðurfellingarákvæðum tollalaga.

Um 8. gr.

Lögð er til breyting á 143. gr. tollalaga.

Ákvæði 1. mgr., sem fjallar um heimild tollstjóra til að breyta tollskrá í tilteknum tilvikum, samsvarar 2. og 3. mgr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er fjallað um birtingu ákvarðana tollstjóra um breytingar á tollskrá og tekið fram að slíkar breytingar hafi ekki áhrif á álagningu tolla eða annarra gjalda. Ákvæðið samsvarar 4. og 5. mgr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er fjallað um heimild ráðherra til að sameina smásendingar í eitt tollskrárnúmer til einföldunar á tollafgreiðslu. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, en þessi heimild þykir fremur eiga heima í 143. gr.

Um 9. gr.

Lagt er til að ný málsgrein bættist við 147. gr. tollalaga, þar sem ráðherra er falið að láta koma til framkvæmda ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga. Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, en á fremur heima í 147. gr.

Um 10. gr.

Lögð er til breyting á 11. gr. vörugjaldslaga, nr. 97/1987, þess efnis að úrskurðir tollstjóra um niðurfellingu eða lækkun vörugjalds á grundvelli niðurfellingarákvæða tollalaga skuli sæta kæru til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar.

Um 11. gr.

Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 12. gr. vörugjaldslaga, þar sem skýrt verði kveðið á um hvaða ákvæði tollalaga um tollfrelsi, niðurfellingu eða lækkun tolls skuli jafnframt ná til vörugjalds. Í gildandi lögum er látið nægja að tilgreina að ákvæði tollalaga um gjaldskyldu o.fl. skuli gilda um vörugjald án tilvísunar til einstakra niðurfellingarheimilda. Þar sem vafi getur leikið á um það hvort ákvæði tollalaganna nái í einstökum tilvikum einnig til vörugjalds er lagt til að tekin verði af öll tvímæli með því að tilgreina sérstaklega þau ákvæði sem við eiga.

Gert er ráð fyrir að ákvæði tollalaga um niðurfellingu af hráefni eða efnivöru til innlendrar framleiðslu taki ekki til vörugjalds. Ástæðan er sú að samkvæmt vörugjaldslögum gilda

sérstakar reglur gilda um niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds af hráefni og efnivöru, svo og um framkvæmd slíkrar niðurfellingar, sbr. 10. gr. vörugjaldslaga.

Um 12. gr.

Í þessari grein er annars vegar lagt til að 2. másl. 1. mgr. 13. gr. vörugjaldslaga falli brott, en þar er fjármálaráðherra heimilað að breyta álagningu vörugjalds á einstakar vörur eða tollskrárnúmer til samræmingar á gjaldtöku. Ekki þykir rétt, með vísan til 77. gr. stjórnarskrárinnar, að ráðherra hafi slíka heimild og því er lagt til að hún falli brott.

Hins vegar er lagt til að 2. mgr. 13. gr. laganna falli brott, en þar er ráðherra heimilað að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Að því er varðar niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara er þess að geta að sérstakar reglur gilda um niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds af hráefni og efnivöru, svo og um framkvæmd slíkrar niðurfellingar, sbr. 10. gr. vörugjaldslaga. Hvað varðar niðurfellingu vörugjalds af efni til framleiðslu garðyrkjuafurða er þess hins vegar að geta að samkvæmt frumvarpinu verður heimild í tollalögum til niðurfellingar tolls af slíku efni og mun sú heimild einnig ná til vörugjalds.

Um 13. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 6. gr. laga um gjald af áfengi, en þar er fjallað um niðurfellingu og endurgreiðslu áfengisgjalds.

Í a-lið er annars vegar lagt til að innflutningur og sala á áfengi til tollfrjálsra verslana og í tollfrjálsar forðageymslur verði jafnan undanþegin áfengisgjaldi. Samkvæmt gildandi lögum er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald á áfengi sem flutt er inn eða selt til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna. Eðlilegt þykir að áfengi sem selt er til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna verði jafnan undanþegið gjaldinu og er breyting þessi því lögð til.

Hins vegar er í a-lið lagt til að áfengisgjald skuli endurgreitt af áfengi sem áfengisgjald hefur verið reiknað eða greitt af en er síðar sent til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollvörugeymslu, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði eða er fargað undir eftirliti tollyfirvalda. Rétt þykir að heimila endurgreiðslu áfengisgjalds í þessum tilvikum. Um er að ræða fremur hátt gjald og fyrirkomulag á smásölu áfengis er þannig að hætt er við að í einstökum tilvikum sé meira magn pantað til smásölu en unnt reynist að selja. Getu birgjar þá neyðst til að taka aftur við óseldum birgðum.

Í b-lið er lagt til að 2. mgr. laganna falli brott. Breytingin er lögð til í ljósi þess að breytingar sem lagðar eru til á 1. mgr. gera ákvæði 2. mgr. óþarft.

Um 14. gr.

Lagt er til að 8. gr. laga um gjald af áfengi verði felld brott, en þar er fjármálaráðherra heimilað að breyta fjárhæð áfengisgjalds. Ekki þykir eðlilegt, í ljósi ákvæðis 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. laga nr. 97/1995, að ráðherra hafi slíka heimild. Tekið skal fram að heimildinni hefur ekki verið beitt.

Um 15. gr.

Lagt er til að ákvarðanir tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengisgjalds skv. 6. gr. laga um gjald af áfengi sæti kærur til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Um rök fyrir því fyrirkomulagi vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að felld verði brott heimild fjármálaráðherra til að samræma vörugjald af ökutækjum eða öðrum gjaldskyldum vörum samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Ekki þykir eðlilegt, í ljósi ákvæðis 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. laga nr. 97/1995, að slík heimild sé í lögum.

Um 17. gr.

Á undanförnum árum hefur sérstakur liður á fjárlögum verið ætlaður til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af ökutækjum og vélsleðum sem flutt eru inn vegna starfsemi björgunarsveita. Fjárhæð endurgreiddra gjalda hefur verið takmörkuð við þá fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hvers árs. Samvinna hefur verið á milli fjármálaráðuneytis, landssamtaka björgunarsveita og sérstakrar nefndar, bílanefndar ríkisins, um framkvæmd og eftirlit við endurgreiðsluna.

Lagt er til að þessu fyrirkomulagi verði breytt þannig að í stað endurgreiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í fjárlögum verði lögbundin niðurfelling á ökutækjum og vélsleðum sem flutt eru inn fyrir starfsemi björgunarsveita. Þessi breyting skapar aukið svigrúm til innflutnings í samræmi við þarfir björgunarsveita hverju sinni. Gert er ráð fyrir að svipað eftirlit verði með innflutningnum og verið hefur, þ.e. að bílanefnd ríkisins yfirfari umsóknir um niðurfellingu hverju sinni og að sett verði skilyrði um notkun búnaðar. Að auki er gert ráð fyrir því að landssamtök björgunarsveita staðfesti að viðkomandi bifreið eða vélsleði verði einungis nýtt í starfsemi björgunarsveita.

Um 18. gr.

Í greininni er lagt til að tiltekið verði skýrt hvaða niðurfellingarákvæði tollalaga skuli ná til vörugjalds af ökutækjum.

Um 19. gr.

Í 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er kveðið á um það, í hvaða tilvikum vörur skuli undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning. Í 19. gr. frumvarpsins eru lagðar eru til nokkrar efnisbreytingar frá gildandi ákvæði og þykir heppilegra að leggja til nýtt orðalag fyrir greinina í heild.

Í 1. mgr. gildandi laga er vísað til þeirra niðurfellingarákvæða tollalaga sem jafnframt skuli ná til virðisaukaskatts. Lögð er til breyting á þeirri tilvísun, til samræmis við aðrar breytingar í frumvarpi þessu.

Í 2. tölul. er lagt til að tekið verði fram að virðisaukaskattur af innfluttum vörum skuli falla niður í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.

Ákvæði 3.–5. tölul. samsvara efnislega 2. og 3. mgr. núgildandi greinar. Þó er lagt til að undanþága skv. 2. másl. 3. mgr. greinarinnar falli brott. Þar er kveðið á um niðurfellingu virðisaukaskatts af rituðu máli sem sent er án endurgjalds. Ekki er talin þörf á slíku ákvæði lengur þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði rýmri ákvæði í tollalög um niður-

fellingum gjalda af verðlausum bréfum, bæklingum og prentuðum gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar, sbr. 1. gr. frumvarpsins og mun það ákvæði ná til virðisaukaskatts.

Ákvæði 6. tölul. samsvarar efnislega 4. mgr. gildandi laga.

Í 7. tölul. er lagt til að við greinina bætist ákvæði þess efnis að bifreiðar og vélsleðar sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita skuli undanþegin virðisaukaskatti við innflutning ef fyrir liggur staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi bifreið eða vélsleði verði einungis nýtt í starfsemi björgunarsveita. Um rökin fyrir þessari breytingu og framkvæmd eftirlits vísast til athugasemda með 17. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 1.–6. tölul. greinarinnar sæti kæru til ríkistollstjóra. Um rök fyrir því vísast til almennra athugasemda við frumvarpið. Gert er ráð fyrir að úrskurður um niðurfellingu skv. 7. tölul. sæti áfram kæru til ríkistollanefndar, þar sem ágreiningur um niðurfellingu vörugjalds af ökutækjum sætir jafnan kæru til þeirrar nefndar og þykir eðlilegt að sama eigi við um virðisaukaskatt.

Um 20. gr.

Lagt er til að við 42. gr. laga um virðisaukaskatt, er fjallar um endurgreiðslu virðisaukaskatts í ýmsum tilvikum, verði bætt ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts af rannsóknartækjum. Í fjárlögum hvers árs hefur fjármálaráðherra verið heimilað að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af rannsóknartækjum sem eru gefin vísindastofnunum eða keypt fyrir styrki. Lagt er til að í stað fjárlagaheimildar verði endurgreiðsla lögbundin.

Um 21. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 2000. Nauðsynlegt er að nægur tími verði til að fjármálaráðuneytið, ríkistollstjóri og einstakir tollstjórar geti undirbúið þær breytingar sem af frumvarpinu leiðir, m.a. með setningu nýrra reglugerða og verklagsreglna, svo og með fræðslu og undirbúningi fyrir þá starfsmenn tollyfirvalda sem breytingarnar varða.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum o.fl.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem miða að því að niðurfellingar og endurgreiðslur tiltekinna skatta, t.d. tolla, vörugjalda og virðisaukaskatts, verði lögfestar í stað þess að handhafi framkvæmdarvalds fari með slíkt ákvörðunarvald. Frumvarpið miðast við að sett verði ákvæði í viðkomandi skattalög um niðurfellingu gjalda sem verði í samræmi við núverandi fyrirkomulag þessara mála og er því gert ráð fyrir að áhrifin á tekjuhlið ríkissjóðs verði óveruleg. Einu áhrifin sem frumvarpið er talið hafa á gjaldahlið ríkissjóðs eru af endurgreiðslum skatta af búnaði björgunarsveita. Þær endurgreiðslur hafa verið færðar á gjaldahlið og er 50 m.kr. fjárveiting ætluð til að fjármagna greiðslurnar á viðfangsefninu 09–999–1.19 Ýmsar endurgreiðslur í fjárlögum ársins 2000. Gert er ráð fyrir

að sú fjárveiting falli niður en þar sem tekjur ríkissjóðs mundu lækka í sama mæli yrði afkoma ríkissjóðs óbreytt.